

10. fundur
Atvinnumálanefndar
haldinn Miðtúni 1, Tálknafirði,
fimmtudaginn 10. júlí 2008 og hófst hann kl. 15:00

Fundinn sátu:

Ása Jónsdóttir, Sigurvin Hreiðarsson og Vignir Arnarson. Gestir fundarinnns eru Jón Örn Pálsson, Magnús Ólafs Hansson og Sif Karlsdóttir sem ritar fundinn.

Dagskrá:

1. 0807053 - Skólabúðir-kynningarefni

Rædd var nauðsyn þess að fara af stað í gerð kynningarefnis og hafa það tilbúið þegar í upphafi skólaárs. Mikilvægt að verði þá þegar farið á fund valinna skólastjórnenda til að kanna hug þeirra til skólabúðanna og tryggja bókanir fyrir skólaárið 2009-10.

Rætt um þá hugmynd að virkja náttúrufræðistofur á landsvísu til að undibúa með okkur börnin áður en þau fara af stað.

2. 0807052 - Skólabúðir-húsnæði

Ása Jónsdóttir leggur til að fela arkitektum að kanna ástand Strangötu 36 og gera tillögu að nýtingu húsnæðisins fyrir skólabúðirnar. Jafnhliða verði kannað verð á nýbyggingu til samanburðar. Lagt var til að kanna hjá N1 hvort möguleiki væri á kaupum eða leigu á þeirra hluta af risi hússins.

3. 0807014 - Styrktarsjóður EBÍ 2008

Ákveðið að sækja um, Magnúsi Ólafs Hanssyni falið að ganga frá umsókn fyrir lok ágúst næstkomandi.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:55

_____	_____
_____	_____
_____	_____
